



Atvinnuveganefnd Alþingis

22.04.2019

### Umsögn Valorku ehf

um mál nr. 792, 791 og 782

sem varða lagabreytingar og þingsályktun vegna 3. orkupakka ESB (2009/72/EB)

Hér er um að ræða þingmál sem til eru komin vegna reglubreytinga erlends valds varðandi sín málefni. Valdsvið Evrópusambandsins nær ekki að neinu leyti til stjórnunar íslenskra orkumála og Íslendingar eru því ekki á nokkurn hátt bundnir af gerðum ESB á því sviði. Þegar Íslendingar gerðust aðilar að EES samningnum var því heitið af íslenskum stjórnvöldum að Alþingi yrði ekki sjálfvirk og viljalaus „stimpilstofnun“ fyrir allar samþykktir ESB. Ekkert hefur breyst frá þeim tíma í þeim efnum.

Alþingi Íslendinga ber skylda til þess að haga lagasetningu sinni og allri vinnu með hag þjóðarinnar sjálfrar í huga, og taka upp mál sem þörf er á þess vegna. Alþingi ber því engin skylda til þess að taka upp þingmál að beiðni erlends aðila, sem einungis varða hagsmuni þess aðila en ekki íslenska hagsmuni. Tilskipun ESB nr 2009/72/EB; svonefndur „þriðji orkupakki“, er ekki byggð á íslenskum hagsmunum og bætir á engan hátt hagsmuni samfélags eða einstaklinga hérlendis. Óþarft er því að Alþingi taki hann til umræðu, eða samþykki þingmál sem eingöngu eru líður í samþykkt hans.

Valorka leggst alfarið gegn samþykkt þriðja orkupakka ESB með því orðalagi sem er á þeirri tilskipun, og sniðið er að erlendum hagsmunum. Um leið telur Valorka fulla þörf á mótun heilbrigðs og sanngjarns umhverfis orkumála á Íslandi á forsendum Íslendinga sjálfra og í þágu íslensks almennings.

Hinsvegar: Þrátt fyrir að þær breytingar sem með þessum þremur þingmálum eru lagðar til séu ekki þær brýnustu sem gera þarf á íslenskri orkulöggjöf, sér Valorka ekki ástæðu til að leggjast gegn þeim; þar sem þær virðast fremur til bóta en skaða. Nokkuð sjálfstæði Orkustofnunar er nauðsynlegt, þó efast megi um að þessar breytingar tryggi það. Það er reynsla Valorku að Orkustofnun; líkt og ráðuneyti orkumála og aðrar stofnanir á sviði orkumála, séu í raun ofurseldar hagsmunum hins ráðandi rísa á íslenskum orkumarkaði sem er Landsvirkjun, og þjóni fyrst og fremst hagsmunum Landsvirkjunar og annarra stórfyrirtækja. Valorka beinir því til Alþingis að standa vörð um hagsmuni smárra orkufyrirtækja, s.s. Valorku, gegn slíku ofurvaldi. Í þeim efnum er rétt að minna Alþingi á að taka ekki til umræðu skýrslu atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins um nýja orkukosti nema að samhliða verði fjallað um skýrslu og athugasemdir Valorku um sama efni; þar sem skýrsla ráðuneytisins er í meginatriðum röng og freklega höll undir hagsmuni Landsvirkjunar.

Ekki er heldur ástæða til að leggjast gegn þingsályktun og lagabreytingu til staðfestu á því að hingað verði ekki lagður sæstrengur nema með vilja þjóðarinnar og skýrum samþykktum Alþingis. Slík þingmál ættu reyndar að vera óþörf og sýna betur en annað hvernig EES samningurinn stýrir störfum Alþingis og tefur þau. Í framhaldinu hljóta að vakna spurningar um það hvort Alþingi þarf að setja sérstök lög um hvern einasta þátt sem varðar sjálfstæði þjóðarinnar til að verjast erlendri ásælni.

Varðandi þingskjal 1242, mál 782 vill Valorka einnig taka fram eftirfarandi:



Valorka telur nauðsynlegt að um leið og framangreindar breytingar eru gerðar á lögum nr 87/2003 um Orkustofnun verði leiðrétt mistök sem gerð voru með lögum 110/2014, þegar felld var út heimild Orkusjóðs í 2.tl greinarinnar til að styrkja þróun nýrrar orkutækni. Sjá má í greinargerð lagabreytingarinnar að einungis var ætlunin að afnema úrelta heimild Orkusjóðs til veitingar áhættulána. En fyrir mistök við gerð lagatextans var allur töluliðurinn felldur út; einnig styrkir til þróunar nýrrar orkutækni, þó það hafi ekki verið ætlunin eins og glögg má sjá af greinargerð og umræðum um málið á Alþingi. Þessi mistök Alþingis hafa reynst Valorku dýrkeypt og valdið því verkefni; sem og líklega fleirum, erfiðleikum og töfum. Valorka hefur gert Alþingi og atvinnuveganefnd viðvart um slæmar afleiðingar þessara mistaka, án nokkurra viðbragða.

**Niðurfelling heimilda Orkusjóðs til að styrkja nýja orkutækni eru í beinni andstöðu við 10.gr Parísarsáttmálans, og alþjóðlegar skuldbindingar Íslendinga í loftslagsmálum. Því skorar Valorka á Alþingi að nota tækifærið þegar nú eru aftur gerðar breytingar á lögum nr 87/2003, og leiðréttá sín mistök; endurvekja styrkjaheimildir Orkusjóðs og leggja honum til aukið ráðstöfunarfé.**

Virðingarfyllst

Valdimar Össurásson, framkvæmdastjóri Valorku ehf